

Nesfréttir

ÁGÚST 2022 • 8. TBL. • 35. ÁRG. • borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



4. flokkur kvenna tók þátt í Rey Cup sem var haldið í 21. sinn í Laugardalnum í lok júlí og sendi Gróttu/KR tvö lið til leiks að þessu sinni. Bæði lið stóðu sig með þrýði á mótinu og enduðu bæði liðin í 3. sæti í sínum styrkleikaflokki. Spilað var frá miðvikudegi til sunnudags á vallarsvæði Þróttar. Gróttu/KR 1 tapaði naumlega 1-0 fyrir KA á laugardeginum og spilaði því upp á 3. sætið á sunnudeginum. Stelpunum tókst að landa bronsinu með 2-1 sigri á Þór. Gróttu/KR 2 spilaði einnig um 3. sætið á sunnudeginum og unnu KF/Dalvík 2-1 og tókst þeim með sigrinum að næla sér í 3. sætið líkt og samherjum sínum. Stelpurnar skemmtu sér vel á mótinu, innan sem utan vallar, og spiluðu fallegan fótbolta. Liðin stóðu sig bæði vel og gaman að uppskera 3. sætið eftir hörkuleiki.

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

**Velkomin
á Grandann**

Nú **sækjum** við og
skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



**Persónuleg ráðgjöf
lyfjafræðings
Hagstætt verð**

REYKJAVÍKUR  APÓTEK

Héðinshúsinu Seljavegi 2 | 522 8400

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NÁTTURUVÖRUR

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Elsti barnaskólinn – nýr leikskóli

Í frétt hér í blaðinu kemur fram að vel hafi gengið að manna leikskólann á Seltjarnarnesi nú í haustbyrjun.

Teljast það góðar fréttir þegar vöntun er á leikskólakennurum víða um land. Ekki síst á höfuðborgarsvæðinu.

Seltjarnarnes hefur ávallt verið framarlega í skólamálum. Barnaskóli og síðar grunnskóli á sér nær einnar og hálfra aldar samfellda sögu. Allt frá því að Ólafur Guðmundsson útvegsbóndi í Mýrarhúsum stóð fyrir kennslu barna í húsi sem hann lét til þess á lóð sinni. Þaðan er nafnið Mýrarhúsaskóli fengið.

Surning er um hvort fyrsti barnaskóli landsins hafi orðið til á Seltjarnesi. Það verður að teljast líklegt. Mýrarhúsaskóli hefur starfað óslitið frá árinu 1875.

Vandi leikskólans á Seltjarnarnesi er húsnæðislegs eðlis. Gömlu leikskólahúsin ganga úr sér og nýrra er þörf.

Fyrir nokkru var efnt til samkeppni um byggingu nýs leikskóla á núverandi leikskólasvæði.

Glæsileg tillaga Andrúms Arkitekta lenti í fyrsta sæti dómnefndar. Ljóst var að um mikið átak yrði fyrir bæjarfélagið að byggja eftir henni.

Hönnunarvinna við nýjan leikskóla mun hefjast innan skamms en tíma mun taka að ljúka þessu verki.

Takist að byggja nýjan leikskóla á grunni verðlaunatillögunnar er það merki um sama dug og lá að bakí stofnun fyrsta barnaskólans.

Mönnun leikskólans gengið vel



Mönnun á Leikskóla Seltjarnarness hefur gengið vonum framar þetta sumarið og inntaka og aðlögun barna er að hefjast. Alls verða um 220 börn í Leikskóla Seltjarnarness. 16 börn verða í Ungbarnaleikskóla Seltjarnarness. Unnið hefur verið að viðhaldi húsnæðis Leikskólans, leiktækja og lóða í sumar.

Undirbúningur og þarfagreining vegna nýs leikskóla stendur yfir í samvinnu við leikskólastjórnendur og Andrúm Arkitekta og er það von okkar að hönnunarvinna geti hafist á allra næstu dögum.

Skólastarf er að hefjast næstu daga. Verið er að leggja lokahönd á undirbúning húsnæðis. Umferð við skólana mun aukast verulega og er ástæða til að beina því til akandi, hjólandi og gangandi vegfarenda að fara mjög varlega í kring um skóla- og íþróttasvæðin því það eru krakkar víða á ferð. Minna má alla á að á skóla og íþróttasvæðinu er hámarks hraði ökutækja 30 km.

Ástæða er svo til að hvetja bæjarbúa til að taka þátt í glæsilegri bæjarhátíð okkar sem verður haldin að nýju með vandaðri dagskrá fyrir alla helgina 26. til 28. ágúst.

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónavíðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

BGS **Framfarissamband fyrirtækis** **2020-2021** **Stærsta vaxandi fyrirtæki**

SÍMÁ **TM** **VÍS** **vörður**

Hafðu samband núna

Dröghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarféлага.

Rétting og málun
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stent ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

DAGSKRÁ SEPTEMBER 2022

25. ágúst kl. 17



SÝNINGAROPNUN Í GALLERÍ GRÓTTU

Sigrún Ó. Einarsdóttir opnar sýningu sína **BROT** í tilefni 40 ára afmælis Glers í Bergvík og um leið starfsafmælis Sigrúnar. Sýningu lýkur 12. september.

PÓKEMON RATLEIKUR

1. – 30. september

verður pókemon ratleikur og verða alls 20 pókemonar í felum víðs vegar um safnið, getur þú fundið þá alla?

Þáttökublað í afgreiðslu og flottir pókemon límmiðar í verðlaun.



5. september kl. 20



SELGARNANES OG NÁGRENNI

Áhugafólk um hannyrðir hittist, hjálpast að og deilir hugmyndum.

Nánar á FB: **SELGARNanes og nágrenni**

8. september kl. 16–17 UPPSKERUHÁTÍÐ SUMARLESTURS



UPPSKERUHÁTÍÐ SUMARLESTURS

Gunnar Helgason rithöfundur les fyrir börnin, fjallar um bækurnar sínar og mikilvægi lesturs.

Verðlaunaafhendingar - Friskandi frostpinnar



8. september

BÓKASAFNSDAGURINN

Við höldum upp á Bókasafnsdaginn og er þemað nú **Lestur er bestur á öllum tungumálum.**



16. september



DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

Við gerum bókum og öðru efni um íslenska náttúru hátt undir höfði þennan dag.

17. september kl. 11–14



FÖNDUR

Sæunn barnabókavörður býður börnum og fjölskyldum þeirra upp á skemmtilegt föndur.

22. september kl. 17

SÝNINGAROPNUN Í GALLERÍ GRÓTTA

Unnar Ari Baldvinsson opnar sýningu sína „**Gulur, rauður, grænn og blár**“

GALLERÍ GRÓTTA



Framkvæmdum við þrýstilögn að ljúka



Frá framkvæmdum við Norðurströndina.

Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Seltjarnarnessbæjar hafa verið að leggja þrýstilögn vegna skólps meðfram Norðurströnd í sumar. Er það gert til að tengja fyrirhugaða Gróttubýggð við hreinsi- og dælustöð á miðjum Eiðsgranda.

Þeir hafa nú lokið þessu verkefni innan bæjarmarka Seltjarnarness. Þegar þetta er ritað eru þeir að ljúka við að grafa í landi Reykjavíkur að stöðinni. Af þessu hefur verið nokkuð rask fyrir vegfarendur en vel verður frá þessu gengið við verklok sem verða von bráðar.

Minkur eyðilagði kríuvarpið á Nesinu

Talið er að minkur hafi eyðilagt kríuvarpið á Seltjarnarnesi í vor og sumar. Kunnugir telja að það hafi nánast horfið á tveimur til þremur vikum.

Kríuvarp hefur aðallega verið í Suðurnesi en í lok varptíma sáust aðeins fáar kríur og örfáir ungar. Talið er að þetta sé mesta tjón sem orðið hefur á varpinu í meira en einn og hálfan áratug. Auk þess sem kríuvarpið hvarf nánast algerlega telja menn sig sjá töluverð afföll af ungum anda og gæsa. Haft er eftir Jóhanni Óla Hilmarssyni fuglafræðingi sem fylgst hefur með fuglalífi á Seltjarnarnesi í áratugi að minkur eigi stærsta hátt í þessu. Á síðasta ári voru um 1.600 kríuhreiður á Suðurnesi en í vor hafi varpið verið enn stærra. Um 90% kría verpa við golfvöllinn á Nesinu.



Umferðarljósín á mótum Nesvegjar og Suðurstrandar ekki enn orðin full virk.

Ný umferðarljós enn á fastri stýringu

- bannað að sofa í tjöldum og húsbílum utan sérmerktra svæða

Nokkur mál voru til umræðu á fundi skipulags- og umferðarnefndar nýlega. Þar á meðal mál sem snertir umferðarljós og umferðarstýringu. Komið hafa fram ábendingar um að nýr búnaður hafi ekki virkað sem skyldi og íbúar orðið varir við óvenjulega mikinn umferðarpunga við ljósín. Fram kom á fundinum að ljósín væru ekki komin í fulla virkni þar sem tveir skynjarar væru bilaðir og ljósín því ekki umferðarstýrð heldur á fastri stillingu.

Ákvæðið var á fundinum að fela sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að leggja samþykktu umferðaröryggisáætlun Seltjarnarnessbæjar fyrir næsta fund nefndarinnar þar sem málið verður skoðað heildstætt. Þá var rætt um bílastæði en ábendingar höfðu frá íbúum um að ferðavögnum/ húsbílum sé lagt í almenn bílastæði sem eingöngu eru ætluð fólksbílum. Nefndin fól sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að kanna mögulegar lausnir varðandi tímabundin stæði fyrir ferðavagna yfir sumartímamann innan bæjarmarkanna. Einnig var rætt um ferðamenn sem gista í tjöldum og ferðavögnum eða húsbílum utan sérmerktra svæða sé óheimil skv. 10. gr. Lögreglusamþykktar Seltjarnarnessbæjar nr. 555/2010. Nefndin fól sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að fylgja eftir ákvæðum 10. gr. fyrrgreindrar samþykktar.



hugge

COFFEE & MICRO BAKERY
SELJAVEGI 2
101, REYKJAVÍK
ÓPIÐ ALLA DAGA 8-17






Öruggara spjall

Í öruggu netspjalli á islandsbanki.is getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

Góð þjónusta breytir öllu



Höfum gaman saman á Bæjarhátíð Seltjarnarness!

Bæjarhátíð okkar Seltirninga og Fjölskyldudagur í Gróttu verða loks endurvakin helgina 26. – 28. ágúst eftir 2ja ára covid-hlé. Bæjarbúar eru eindregið hvattir til að taka þátt, skreyta hús sín og garða, njóta útivistar og ýmissa viðburða sem í boði verða. Umfram allt að hafa sem mest gaman saman þessa helgina.

Þær Gróa og Maja opna hátíðina með því að bjóða öllum sem vilja með sér í hressandi sjósund kl. 18 á föstudaginn. Dagskrá laugardagsins verður síðan þétt og skemmtileg frá morgni til kvölds og byrjar á Fjölskyldudegi í Gróttu frá kl. 11 – 14, sjá dagskrá hér að neðan.

Klukka 18 býðst bæjarbúum svo að koma saman á Vallarbrautarróló þar sem að íbúahópur mun standa fyrir fjölskylduvænu bæjargrilli og útihátíðarstemningu með stuðningi Seltjarnarnesbæjar. Þar verður tjaldestemning, tónlist, grillaðir hamborgarar, barnafjör o.fl auk þess sem söngkonan Guðrún Árný mun mæta og stýra fjörugum fjöldasöng eins og henni einni er lagið. Allir eru velkomnir að taka þátt í dagskránni á Vallarbrautarróló en þeir sem ætla að vera í grillinu þurfa að skrá sig fyrir fram. Nánari upplýsingar um fyrirkomulagið er að finna á FB viðburði íbúahópsins: **Bæjarhátíð 2022** 🤗

Bæði laugardag og sunnudag verður hægt að spegla sig á jákvæðan hátt í speglaskúlptúr sem staðsettur verður á gönguleiðinni út að Snoppu.

Sýningin Finndu mig í fjöru eftir Helgu R. Mogensen verður enn fremur opin á háfjöru í Vitavarðarhúsinu í Gróttu frá laugardegi til mánudags.

Á sunnudag verður uppskerumessa og grænmetismarkaður í kirkjunni og í nýju inniaðstöðu Nesklúbbsins sem staðsett er á Austurströnd 5 býðst gestum, á öllum aldri, að spreyta sig á skemmtilegum golfþrautum í golfhermunum og á þúttvellingum. Um miðjan sunnudag ætla þau Urður og Daníel að endurtaka leikinn í Bakkagarði og vera með sirkussýninguna Glappakast sem felur í sér loftfimleika, jögggl, akróbatík og almenna gleði fyrir áhorfendur.

Dagskrá Fjölskyldudagsins í Gróttu

- **Gróttuvíti opinn**
Einu sinni á ári býður Seltjarnarnesbær gestum í Gróttu að ganga upp í vitann og njóta hins óviðjafnanlega útsýnis þegar efst er komið.
- **Rjúkandi vöflur, grillaðar pylsur, kaffi og djús til sölu í Fræðasetrinu og Albertsbúð á vegum Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness til styrktar góðu málefni.** Verð aðeins: Vaffla 800 kr., Pylsa 500 kr., kaffi eða djús 200 kr.
- **Klifurmeistarar úr klifurhúsinu ásamt Spiderman** bregða á leik og klífa Gróttuvita kl. 11.30, 12.30 og 13.30.

Kjötkompaní

GRILLUM
OG
NJÓTUM

📍 DALSHRAUN 13
Hafnarfirði

📍 BÍLDSHÖFÐI 18
110 Reykjavík

📍 GRANDACARDI 29
101 Reykjavík

☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is

📱 kjotkompani 🌐 www.kjotkompani.is



- **Porkell Heiðarsson** líffræðingur aðstoðar gesti við að rannsaka og greina lífríkið sem finna má í fjörunni við Gróttu. Tilvalið er því að taka með skóflu og fötu til að safna kuðungum, skeljum, kröbbum og öðrum dýrgripum.
- **Margrét Arnar og Birkir Blær** leika léttu og ljúfa tóna á harmonikku og saxófón.
- **Albertsbúð** - Félagar í Rótarýklúbbi Seltjarnarness verða á staðnum, segja frá og svara spurningum um þetta sögufræga hús, endurbæturnar og bryggjuna.
- **Söngstund með Friðriki Vigni Stefánssyni** sem mætir með harmonikkuna í Albertsbúð og spilar gömlu góðu lögin frá kl. 12.00 - 12.30.
- **Gróttuföndur í Albertsbúð**



- **Húllastelpan verður með húllafjör** í eyjunni frá kl. 12.30 - 13.30
- **Finndu mig í fjöru - Hönnunarsýning og smíðja í Vitavardarhúsinu** Helga R. Mogensen skartgripahönnuður opnar sýningu sem samanstendur af veggverkum, skartgripum og litlum stólum þar sem aðal efniviðurinn er rekaviður en Helga sækir í náttúruna og þá ekki síst í fjöruna. Á fjölskyldudeginum gefst gestum jafnframt tækifæri til að búa til sitt eigið listaverk undir handleiðslu listakonunnar.

Það verður svo sannarlega nóg um að vera alla helgina og tilvalið að njóta saman í sinni heimabyggð. Allar nánari upplýsingar um bæjarhátíðina er að finna á heima- og FB síðu Seltjarnarnesbæjar.

Verið velkomin og góða skemmtun!

ÓGLEYMANLEG UPPLIFUN Í MAT OG DRYKK

HÉÐINN
KITCHEN & BAR

Seljavegi 2, 101 Reykjavík
s. 419 2020
hedinnrestaurant.is



Hér er afskaplega gott að vera


- segir Halldór Blöndal fyrrum alþingismaður og ráðherra sem er fluttur á Seltjarnarnes öðru sinni

Halldór Blöndal fyrrum alþingismaður og ráðherra er fluttur á Seltjarnarnes. Hann býr nú í eignaríbúð í þjónustukjarna við Skólalbraut. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann býr á Seltjarnarnesi. Hann bjó við Skólalbrautina ásamt fjölskyldu sinni allan níunda áratuginn. „Hér er afskaplega gott að vera,“ sagði Halldór um leið og hann bauð komumanni til stofu. „Hér er hugsað vel um mann. Félagsskapurinn er góður og hér er hægt að fá mat í hádeginu á virkum dögum.“ Þótt Halldór hafi búið á Seltjarnarnesi og starfað á Alþingi og í ráðuneytum þá hefur Norðurland og einkum Akureyri átt hug hans í áratugi enda bjó hann þar lengi og sinnti málefnum byggðarlagsins og landshlutans í störfum sínum sem stjórnmaður. Halldór er fæddur í Reykjavík 24. ágúst 1938. Hann sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn, fyrst sem varaþingmaður frá árinu 1971 og síðan landskjörinn þingmaður frá 1979 til 2007. Hann var þingmaður Norðurlandskjördæmis eystra og síðar Norðausturkjördæmis. Halldór var samgönguráðherra frá 1991 til 1999 og gegndi einnig stöðu landbúnaðarráðherra frá 1991 til 1995. Hann var forseti Alþingis frá 1999 til 2004.

„Nú er ég aftur kominn á Nesið. Ég bjó hér áður á níunda áratugnum það er mjög þægilegt að búa hér. Hér er séð um þrif og þvotta og svo fæ ég hádegismat á virkum dögum. Það er gott að fá þessa þjónustu fyrir okkur gamla fólknið og héðan er stutt í allt. Ég er búinn að vera hér í tæpt ár. Pétur sonur minn og Anna Sigríður kona hans aðstoðuðu mig við að selja gömlu íbúðina og kaupa þessa í staðinn. Svo studdu börnin mín og fjölskyldur þeirra við bakið á mér í flutningunum og veitti ekki af. Ég á mikið af bókum og vil geta gripið í þær. Á mínum aldri verður maður þó að gæta sín og halda aftur af sér í bókakaupum. Þótt ég væri að minnka við mig tókst sæmilega að koma bókunum fyrir en alls ekki öllum. Ég leigi skrifstofu þar sem ég get komið þeim fyrir og hef ágæta vinnuádstöðu.“

Var sendur í MA

Þótt Halldór sé fæddur á Laugaveginum og hafi alist þar upp og verið í sveit í Litlu-Sandvík í Flóa tengdist hann Norðurlandi og þá einkum Akureyri ungar að árum og segja má að þau tengsl hafi haldist fram á þennan dag. Hann segir að norðurferðum hafi þó fækkað í seinni tíð en



Bækur eru aldrei langt frá þegar Halldór er annars vegar.

hann hafi í hyggju að skreppa norður í sumar. En hvað kom til að strákur af Laugaveginum og úr Skeggjabekki í Laugarnesskóla var allt í neinu kominn til Akureyrar og nánast orðinn heimamaður þar? „Þetta byrjaði með því að ég féll í þriðja bekk í Menntaskólanum í Reykjavík. Amma mín Guðrún Pétursdóttir taldi að Þórarinn Björnsson skólameistari gæti komið mér til manns. Þess vegna var ég sendur norður. Ég var í menntaskólanum á veturna en vann í Hvalnum á sumrin. Nánustu vinir mínir í Menntaskólanum á Akureyri voru Ari Jósefsson skáld, Pétur Jónsson og séra Jón Einarsson. Við Ari vorum mjög miklir vinir. Á þeim tíma orti Ari kvæðið „Hugsuðinn“:

*Í hundrað þúsund ár
hef ég legið á meltunni
og hugsað.
Og nú veit ég
að betra er
að liggja á bakinu
en maganum.*

Við vorum ekki sammála í pólitík því Pétur, síðar borgarfulltrúi, var krati, Ari mjög langt til vinstri nánast kommi og séra Jón rótgróinn framsóknarmaður. Þótt við værum ekki samstíga í pólitík hafði það engin áhrif á vináttu mína við þá. Ég ólst upp við mismunandi pólitísk sjónarmið. Foreldrar mínir voru ekki á sama stað í pólitíkinni en það var aldrei rætt um hana á heimili þeirra. Hún var heldur ekki deilufeni í þessum vinahópi.“

Lögfræðin heillaði mig ekki

Eftir menntaskólann héldu tengslin þín við Akureyri áfram. „Þegar við vorum í sjötta bekk í MA trúlofuðumst við Renata Kristjánsdóttir. Hún var innfæddur Akureyringur. Dóttir hjónanna Kristjáns P. Guðmundssonar og konu hans Úrsúlu Beate Guðmundsson, sem fæddist í Piernay í Þýskalandi.

Það var engin staðfesta í mér að taka háskólanám föstum tókum. Ég byrjaði í lögfræði og tók forprófið en hún heillaði mig ekki. Það er skýringin á því að ég ílengdist fyrir norðan og



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félag eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is

starfaði bæði við kennslu og blaðamennsku. Ég tók háskólanám aldrei föstum tókum. Ég var á dálitlu flakki á þessum tíma. Þjó stundum fyrir norðan og stundum syðra.“

Halldór og Renata eignuðust tvær dætur en svo skildu leiðir. Síðari kona hans var Kristrún Eymundsdóttir, dóttir Eymundar Magnússonar skipstjóra og Þóru Árnadóttur. Kristrún lést í desember 2018. Halldór segir að lífið hafi verið einmanalegt eftir lát hennar. „Mér leið vel í Efstaleiti þar sem ég bjó síðast áður en ég kom hingað á Skólbrautina. Ég á tvær dætur af fyrri hjónabandi, Ragnhildi og Kristjönu Stellu og einn son, Pétur, af því síðara. Þau vildu flytja mig nær sér. Töldu að ég byggji of stórt á Efstaleitinu og vildu að ég fengi meiri félagsskap.“

Fyrst í framboð 1971

Við snúum okkur að stjórnmalunum sem Halldór hefur helgað lungann úr ævi sinni. Hvernig kom það til að hann ákvað að fara á þing? Hann hugsar sig aðeins um. „Ég fór fyrst í framboð þegar Bjartmar Guðmundsson frá Sandi í Aðaldal ákvað að láta af þingmennsku vorið 1971. Þá þurfti að velja annan í hans stað á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra. Ég var þá fluttur til Reykjavíkur og starfaði sem blaðamaður við Morgunblaðið. Einn daginn hringdi Páll Þór Kristinsson á Húsavík og spurði hvort ég vildi taka þriðja sætið á lista flokksins fyrir norðan. Páll átti til að vera hrekjótur svo

að ég tók erindinu mátulega alvarlega, sagði bara: „Já, já, Páll minn. Ég hef verið að bíða eftir því að þú hringdir!“ og kvaddi án þess að leiða hugann að því meir, en sagði Rúnu að Páll Þór hefði verið að gera at í mér. Á þessum tíma var ég hættur í pólitík. Páll Þór fann að ég trúði honum ekki svo að það var aftur haft samband við mig og nú skildi ég að þetta var alvara. Ég tók erindinu vel en sagðist vilja ræða þetta við konu mína og fara norður til að finna hvaða undirtektir framboð mitt fengi. Ég ræddi þetta svo við vini mína og samherja fyrir norðan og var vel tekið svo að ég settist í þriðja sætið. Eftir það varð ekki aftur snúið. Mér var síðar sagt, að skýringin á því að ég varð fyrir valinu væri sú að ýmis nöfn hafi verið nefnd í uppstillingarnefndinni. Þá hafi Jóhann Stefánsson trillukar! á Grenivík sagt: „Af hverju náum við ekki í hann Halldór Blöndal?“

Æskusumur í Litlu Sandvík

Halldór settist fyrst á þing sem varaþingmaður í desember 1971 og var kjörinn þingmaður 1979. Hann var landbúnaðar- og samgönguráðherra 1991 til 1995 og samgönguráðherra 1995 til 1999. Hann var forseti Alþingis 1999 til 2005.

Þegar Halldór var spurður hvort hann hafi ekki verið orðinn hálfgerður sveitamaður þegar hann tók við starfi landbúnaðarráðherra er hann fljótur til svars: „Ég var í sveit á hverju sumri á bernsku- og unglingsárum mínum í Litlu Sandvík í Flóa. Mér er einnig minnisstætt að þegar ég var

strákur á Laugaveginum voru kýr á Sunnuhvoli við Háteigsveg og raunar líka á Háteigi þegar ég var agnarsmár. Ég man að við Benedikt bróðir minn fórum upp á Háteig til að sækja mjólk og hvíldum okkur á stórum steini við Rauðarárstíginn. Afi minn Halldór á Háteigi kallaði Klambatúnið Sunnuhvolstún en þar var heyjað bæði fyrir Háteig og Sunnuhvol. Búskapur lagðist niður á Háteigi í lok stríðsins en búið var nokkrum árum lengur á Sunnuhvoli.“

Kom að viðkvæmum atvinnuvegum

Svo tekur borgarbarnið og sveitamaðurinn Halldór Blöndal við stöðu landbúnaðarráðherra. Hvernig var að koma sem ráðherra að viðkvæmum atvinnuvegi þar sem breytingar voru í auglýsni? „Það voru blikur á lofti í landbúnaðinum þegar ég kom að honum. Ég var svo heppinn að fá ungan mann til liðsinnis við mig sem aðstoðarmann, Sigurgeir Þorgeirsson. Hann er menntaður í búvísindum. Hann lauk BSc prófi frá frá Edinborgarháskóla árið 1976 og doktorsprófi frá sama skóla 1981. Hann hafði starfað hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins um fimmtán ára skeið og einnig verið sauðfjárræktarráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands. Það var mér mikils virði að fá slíkan mann við hlið mér, sem naut trausts meðal bænda, því það þurfti að takast á við vaxandi vandamál. Þegar þarna var komið sögu var ljóst að draga varð verulega úr framleiðslu bæði mjólkur og kindakjöts. Framleiðslan hafði aukist ár frá ári en

Einfaldari Vasapeningar

Nýtt kort fyrir ungmenni 10 - 17 ára

- Nýtt kort fyrir ungt fólk
- Forráðamenn sækja um það í appinu
- Hægt að byrja strax að nota kortið
- Full yfirsýn yfir notkun þess

Kynntu þér kortið á landsbankinn.is/vasapeningar

markaðir tóku ekki lengur við henni. Ýmsir muna eflaust eftir orðum eins og kjötbirgðir og smjörfjall. Við þessu varð að bregðast. Bændur tóku því eðlilega misjafnlega. Það þurfti að draga úr framleiðslunni og þar með skerða tekjumöguleika þeirra. Það tókst þó að mæta þessum vanda sem enn er þó ekki úr sögunni.“

Háskólinn á Akureyri var stórt byggðamál

„Þetta var hluti af byggðamálunum en þau voru einnig fyrirferðamikil í hinu ráðuneytinu sem ég tók við, Samgönguráðuneytinu. Þar voru mikil verkefni framundan. Næstum allt vegakerfið var enn án bundins slitlags og margir vegir út um land voru oft illfærir á vetrum þegar snjóaði. Ég réðst meðal annars í að láta vinna vegaáætlun um að allir þéttbýlisstaðir með fleiri en 200 íbúa yrðu tengdir vegakerfinu með bundnu slitlagi.

Gerð jarðganga var ekki tekin inn í þessa vegaáætlun. Mér fannst ekki rétt að binda hendur Alþingis um svo stórar framkvæmdir fyrir en nær þeim væri komið. Héðinsfjarðargöngin voru ekki komin á dagskrá, en búið var að opna Ólafsfjörðinn til Eyjafjarðar með jarðgöngum. Það

var mál sem ég hafði áður beitt mér fyrir. En Ólafsfjörður og Siglufjörður voru einangraðir hvor frá öðrum. Með tilkomu Héðinsfjarðarganga var hægt að sameina þessa bæi í eitt sveitarfélag og þeir blómstra í dag.

Sameining sveitarfélaga var ofarlega á áhugalista mínum. Þar hefur talsvert áunnist en því miður ganga þau mál enn of hægt. Mjög brýnt er að gera jarðgöng frá Seyðisfirði um Mjóafjörð til Norðfjarðar og ég veit ekki betur en um það sé samstaða eystra. Ég er síðan þeirrar skoðunar að jarðgöng eigi að koma úr Mjóafirði upp á Hérað. Og svo er auðvitað nauðsynlegt að ráðist verði í ný Ólafsfjarðargöng sem svari kröfum tímans.

Ég get ekki hætt að tala um störf mín sem þingmaður og ráðherra án þess að minnst á Háskólann á Akureyri. Ég tel hann vera eina markverðustu nýjungina sem orðið hefur í málefnum landsbyggðarinnar. Háskólinn breytti að mínu mati stöðu Akureyrar og Norðurlands.“

Ákvað að hætta þegar ég yrði sjötugur

Spurningin vaknar um hvernig það hafi verið að hætta – að draga sig út úr hinum pólitíska erli sem oft

einkennir stjórnmalalífið og hefur stundum reynst mönnum erfitt.

„Þetta var mér ekki erfitt. Þetta kom af sjálfu sér. Ég bauð mig síðast fram vorið 2003 en fjórum árum síðar 2007 ákvað ég að bjóða mig ekki aftur fram þótt sóst væri eftir framboði mínu. Ég tók ákvörðun um að hætta áður en ég yrði sjötugur. Ég var tæpra 69 ára þegar ég steig út af þessum vettvangi eftir að hafa setið á þingi í 28 ár. Verið ráðherra í átta ár og forseti Alþingis síðustu árin fram á haust 2005. Raunar má segja að ég hafi verið viðloðandi stjórnmaðl í hálfu öld, því ég sat áður þingflokksfundu og fjallaði um stjórnmaðl sem blaðamaður hjá Morgunblaðinu.“

Halldór kvartar ekki undan aðgerðaleysi eftir að hann dró sig í hlé frá þingmennsku: „Ég hef dundað við að skrifa vísnaðhornið í Morgunblaðinu á hverjum degi. Ég ferðaðist dálítið einkum til að byrja með. Ég hef alltaf nóg að gera og leiðist alls ekki þótt breytingin sé vissulega töluverð við að hverfa úr pólitíkinni. Ég er þó ekki alveg horfinn úr henni því ég er formaður Samtaka eldri sjálfstæðismanna sem hittast á fundum vikulega og ræða málin.

Ég er líka heppinn að fá alltaf einhver verkefni að fást við. Faðir minn vildi að ég færi í Laugarnesskólann og þar kynntist maður ýmsum sem sumir hverjir urðu þjóðþekktir. Ég nefni Styrmi Gunnarsson en við vorum mjög nánir. Í sama bekk og við Styrmir voru Ragnar Arnalds, Sveinn Eyjólfsson, Magnús Jónsson,

Jón Baldvin Hannibalsson og Brynja Benediksdóttir svo nokkur séu nefnd. Þarna var fríður flokkur samankominn. Fundið var upp á ýmsu og eru skólaárin í Laugarnesinu mér minnisstæð.“

Tómas fær með hnífinn

Ég var svo óheppinn að lenda í veikindum eftir að ég var hættur. Í ljós kom við skoðun að það fundust þrængsli í ósæð. Að öðru leyti var ég með heilbriggt æðakerfi. En þetta þurfti að laga. Ég var skorinn upp vegna þessara þrængsla árið 2008. Tómas Guðbjartsson læknir skar og spurði hvort ég vildi fá naudsloku eða svínsloku. Ég sagði honum að við Sveinn Benediktsson móðurbróðir minn værum líkari nautum en svínunum og við völdum naudslokuna. Þetta var talsvert stór aðgerð en gekk að öllu leyti vel. Tómas er fær með hnífinn og ekki sakar að geta þess að faðir hans var kjötskurðarmaður í Hvalum. Ég var dálítinn tíma að jafna mig eins og gengur eftir stór inngríp en náði mér ágætlega.“

Ævisaga Halldórs er fjölbreytt. Hann hefur komið víða við á löngum ferli í stjórn málum. Íhaldssamur í eðli en hin mannlega yfirsýn hefur veitt honum aðgöngu og aðlögun að ólíkum málum og valdið því að hann er vinamargur. Í viðtali við fyrsta tölublað blaðsins Vikudags á Akureyri á jólaföstu 1997 lét hann þess getið að fallett væri að sjá daginn lengjast við Eyjafjörð. Hugurinn var heima. Hér mætti halda áfram með ævisögu en verður að láta staðar numið.















Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Einn kaldur í Vínbúðinni innan tíðar



Vínbúðin á Eiðistorgi.

Viðskiptavinir Vínbúðar ÁTVR á Eiðistorgi verða enn að drekka bjórninn ókældan því engan kaldann er að fá í búðinni. Bjórkælir sem settur var upp þar síðsumars í fyrra hefur ekki enn verið tekinn í notkun. Ástæður þess eru tvær. Annars vegar kvörtuðu íbúar á Eiðistorgi yfir hávaða frá kælibúnaði þegar taka átti kælinn í notkun og eftir það kom í ljós að ekki var leyfi fyrir hendi til að kæla bjór í búðinni.

Þegar kælinn var settur upp var talið að húseigendur hefðu gengið frá fullnægjandi leyfum enda hafi það legið fyrir að setja ætti upp kæli við endurbætur Vínbúðarinnar. Nú er málið í vinnslu hjá húseigandanum og byggingarfulltrúa og vonast er til að viðeigandi lausn finnist innan skamms svo hægt verði að taka kælinn í notkun. Tilkoma bjórkælisins var hluti af miklum endurbótum á Vínbúðinni á Eiðistorgi síðastliðið sumar. Búðin var stækkuð um hundrað fermetra og er nú um 400 fermetrar. Kostnaður við endurbæturnar nam 53 milljónum króna. Þar af var kostnaður við bjórkælinn 6,1 milljón. Búast má við að bjórþyrstir geti fengið sé einn kaldann í Vínbúðinni innan tíðar.

**Gerðu
góðverk
í dag**

907 2002

**Hjálparstarf
kirkjunnar**
www.help.is

20%

afsláttur af umgjörðum og glerjum fyrir námsmenn.

Tilboð gildir dagana 8 - 31. ágúst í verslunum Eyesland.

Grandagarði 13 · Glæsibæ, 5.hæð · eyesland.is

eyesland

BÝR DANSARI Í ÞÉR?

INNTRITUN HAFIN

KLS

dansgardurinn.is
Grensásvegur 14 og Álfabakki 14a

ÖSKANDI

oskandi.is
Eiðistorg



Bæjarhátíð Seltjarnarness

26. – 28. ágúst 2022

**SKREYTUM BÆINN
GULUR, RAUÐUR,
GRÆNN & BLÁR!**

Íbúar eru hvattir til að skreyta hús sín, götur og umhverfi hátt og lágt í sínum hverfislit með sköpunargleðina að leiðarljósi, sjálfum sér og öðrum til yndisauka.



FJÖLSKYLDUDAGUR Í GRÓTTU
Bæjargrill og syngjum saman með
Guðrúnu Árnýju á Vallarbrautarróló

Sjósund – Spegmaskúlpturn – Græn messa – Glappakast – Fjölskyldugolf



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Föstudagur 26. ágúst

18.00

Sjóbað á Seltjarnarnesi með Maju og Gróu

Mæting á bilastæðið fyrir neðan golfvöllinn þaðan sem farið verður í fjöruna, gerðar öndunaræfingar, farið í sjóbað og gleðihormón líkamans virkjuð.

Laugardagur 27. ágúst

11.00–14.00

Fjölskyldudagur í Gróttu með fjölbreyttri dagskrá

Opið í vitann – Klifurmeistarar með Spiderman – Vöflukaffi og pylsur – Margrét og Birkir leika ljúfa tóna á harmonikku og saxófón - Lífríkið við Gróttu rannsakað - Saga Albertsbúðar – Gróttuföndur – Söngstund með Friðriki Vigni – Hönnunarsýning og smiðja – Húllafjör



FINNDU MIG Í FJÖRU – Hönnunarsýning og smiðja Helgu R. Mogensen í Vitavarðarhúsinu

8.00–16.00

Speглаðu þig!

Speglaskúlptúr má finna á gönguleiðinni út að Snoppu þar sem lögð er áhersla á sjálfsást og mikilvægi þess að elska sjálfan sig eins og maður er – Þú fyrir þig!

18.00–22.00

Bæjargrill, samsöngur og stemning á Vallarbrautarróló

Útihátíðarstemning í umsjón bæjarbúa með stuðningi Seltjarnarnesbæjar þar sem fjölskyldum á Nesinu býðst að hafa gaman saman. Veislutjald, borð og stólar á staðnum sem og tónlist og stemning fyrir allan aldur. Þátttakendur eru hvattir til að mæta skreyttir í sínum hverfislit.



Veitingar á Vallarbrautarróló verða á vegum íbúanefndarinnar. Nauðsynlegt að panta og greiða fyrir fram vilji menn njóta þeirra. Nánari upplýsingar um fyrirkomulagið og matinn á bæjargrillinu er á FB viðburði nefndarinnar.

Kl. 20.00

Syngjum með Guðrúnu Árnýju

Stórsöngkonan Guðrún Árný mætir með píanóið og leiðir fjöldasöng meðal bæjarbúa, tekur á móti óskalgögum og kemur öllum í rífandi stuð.

Sunnudagur 28. ágúst

8.00–16.00

Speглаðu þig!

Speglaskúlptúr má finna á gönguleiðinni út að Snoppu þar sem lögð er áhersla á sjálfsást og mikilvægi þess að elska sjálfan sig eins og maður er – Þú fyrir þig!

11.00

Græn uppskerumessa í Seltjarnarneskirkju

Grænmetismarkaður að athöfn lokinni þar sem ferskt grænmeti verður selt á sanngjörnu verði til styrktar innanlandsaðstoð Hjalparstarfs kirkjunnar.

12.00–15.00

Finndu mig í Fjöru – Hönnunarsýning í Vitavarðarhúsinu í Gróttu

Helga R. Mogensen skartgripahönnuður sýnir veggverk, skartgrip og litla stóla þar sem aðal efniviðurinn er rekaviður en Helga sækir í náttúruna og þá ekki síst í fjöruna. Sýningin verður einnig opin frá kl. 13.00 - 15.00 mánudaginn 29. ágúst.

11.00–13.00

Fjör í fjölskyldugolfi á Nesvöllum, Austurströnd 5

Nesklúbburinn býður bæjarbúum að taka þátt í skemmtilegum þrautum í golfhermum og á þúttvöllinum í nýju inniaðstöðunni. Hressing og góð stemning.

15.00–15.30

Glappakast, sirkussýning í Bakkagarði

Skemmtilega sirkussýningin með þeim Urði og Daníel sem koma sér stundum í klaufalegar aðstæður þegar þau sýna listir sínar.



Nánari upplýsingar um dagskrá og viðburði er að finna á www.seltjarnarnes.is og FB síðu Seltjarnarnesbæjar.

Fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla

Fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla er að hefja sitt 21. starfsár. Um og yfir 90 áfangar verða í boði. Opnað verður fyrir skráningu 19. ágúst og önnin hefst 8. september. Skráning og greiðsla er rafræn og fer fram á heimasíðu skólans.

Fyrir hvern er fjarnám?

Ég myndi segja að fjarnám er fyrir alla, allt eftir tilgangi og markmiðum. Mjög fjölbreyttur hópur nýtir sér fjarnámið á nánast öllum aldri. Það felast því mikil tækifæri í fjarnámi.

Hvaða tækifæri felast í fjarnámi?

Tækifærin sem fjarnám býður upp á eru mörg og margskonar. Í fjarnámi ber nemandi ábyrgð á eigin námi. Það reynir á skipulag og aga nemandans þar sem námið er óháð stað og stund en veitir nemendum tækifæri til að sinna náminu inn á milli annarra verka. Nemendur geta klárað stúdentspróf í heild sinni og bóklega hluta starfsréttindanáms hjá okkur ef aðstæður kalla á það hjá viðkomandi. Sumir taka staka áfanga sér til gamans; Íslendingasögur, bókhald, tungumál svo eitthvað sé nefnt.

Veruleikinn breyttist hjá ungu kynslóðinni eftir styttingu framhaldsskólans árið 2015 í þrjú ár. Gögn sýna að nemendur þurfa að fórna miklu ef þeir ætla að klára námið á þeim tíma. Í fjarnámi felast tækifæri fyrir nemendur til að dreifa álagi ef þeir ætla að ljúka námi á 3 árum og á sama tíma að sinna uppbyggilegum áhugamálum. Ungu fólkið hefur áttað sig á þessu í meira mæli og eru framhaldsskólanemendur sem stunda nám í öðrum skólum fjölmennir hjá okkur. Þau nýta tækifæri fjarnámsins til að flýta fyrir sér eða til að endurtaka áfanga til að lenda ekki eftir á.

Við erum með stóran hóp nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla sem taka áfanga í fjarnámi hjá okkur. Þeir nemendur fá nám við hæfi sem fæst síðan metið inn í framhaldsskólana. Það flýtir fyrir þeim og gerir grunnskólunum kleift að koma til móts við styrkleika þeirra og hraða í námi.

Fjarnám veitir þeim sem hafa lokið stúdentsprófi tækifæri til að bæta við sig áföngum á efri stigum til að uppfylla inntökuskilyrði háskóla, héraendis og erlendis.

Mjög algengt er að fólk sem vill hefja aftur

nám að nýju eftir hlé leiti til okkar. Það er hægt að fá gamlar framhaldsskólæiningar metnar og tækifæri til að ljúka stúdentsprófi er alltaf til staðar og í boði sama á hvaða aldri viðkomandi er.

Hvað með fólk sem stundar eða hefur lokið starfsréttindanámi á framhaldsskólastigi?

Fjölbrautaskólinn við Ármúla menntar til löggildra starfa. Segja má að flaggskip skólans sé Heilbrigðisskólinn sem býður upp á fjölbreytt starfsréttindanámi á heilbrigðissviði. Nemendur, hvort sem er í FÁ eða annarsstaðar, geta flýtt fyrir sér. Vel flestir bóklegir áfangar eru kenndir en þeir verklegu eru eðli málsins samkvæmt staðbundnir. Skólinn býður einnig upp á skilgreint viðbótarnám til stúdentsprófs eftir að starfsréttindanámi lýkur. Við erum því alltaf með stóran hóp nemenda sem hefur lokið starfsréttindanámi á heilbrigðissviði eða í iðnnámi sem vill bæta við sig einingum til stúdentsprófs og útskrifast frá okkur.

Hvar liggja áskoranir fjarnámsins?

Heimsmýndin er breytt eftir faraldurinn. Landslag menntunar og rafrænnar þróunar tók á sig aðra mynd. Fjarnám hefur verið í boði hjá okkur í FÁ í góð 20 ár og mikil reynsla hefur skapast en faraldurinn keyrði alla kennara og nemendur inn í umhverfi fjarnámsins. Kennarar skólans stóðu vel að vígi en í heildina má segja að skilningur á hvað aðgreinir staðbundið nám frá fjarnámi hafi aukist almennt. Eitt útilokar ekki annað og ef faglega er staðið að málum er námsmati í fjarnámi réttmætt. Fjölbreytileiki framtíðarinnar kallar mögulega á og styður við samsetningu beggja námsforma

Rafræn þróun menntakerfa felur meðal annars í sér að þróa aðferðir til að mæta nemandanum með eins fjölbreyttum hætti sem um staðbundið nám væri að ræða. Snjalltækni er okkar veruleiki, veruleiki sem við komum ekki til með að hverfa frá. Við erum byrjuð að fá kynslóð nemenda upp í framhaldsskóla sem frá fyrstu tíð hefur alist upp við snjalltækni. Slíkt mótur þeirra viðhorf til náms.

Í þessum veruleika felast geysilegar áskoranir fyrir kennara en á sama tíma mikil tækifæri. Kennarinn þarf að útfæra kennslu og námsmati í takt við þróunina. Sú útfærsla þarf að varðveita fræðin en vera framsett með fjölbreyttum hætti til að halda athygli "snjall-heilans".



Hildur Jóhannsdóttir, fjarnámsstjóri Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Hverjar eru áherslur fjarnáms FÁ?

Fjarnám FÁ leggur áherslu á fagmennsku í hvívetna. Framkvæmd fjarnáms FÁ er gæðavottað og uppfyllir kröfur sem tilgreindar eru í staðlinum ÍST EN ISO 9001:2015. Verkerflar eru skýrir, allir kennarar hafa lokið réttindanámi. Áfangarnir eru í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla eins og í staðbundnu námi. Námskröfur og matskvarðar eru þeir sömu og í staðbundnu námi og námsmati er fjölbreytt til að mæta sem flestum. Stanslaust samtal um áhrifaríkar leiðir í kennslu og námsmati, endurnýjun og þróun er í gangi í kennarahópnum í FÁ. Slíkt samtal hefur meðal annars átt sér stað um mikilvægi lokaprófa í staðbundnu námi og í fjarnámi. Dagskóli Fjölbrautaskólans við Ármúla er í dag skilgreindur sem símatsskóli sem þýðir að ekki er sérstakt lokaprófstímabil í lok annar. Breytingin er á tilraunastigi en umræðan hefur vissulega náð inn í fjarnámið. Að mínu mati gengisfellir það nám í fjarnámi ef það byggir eingöngu á símati. Það sýndi sig í faraldurinum. Í fjarnámsáföngum í FÁ eru lokapróf. Prófin hafa mismikið vægi en í flestum áföngum þarf nemandi að ljúka 40-60% af námsmati áfangans með rafrænum hætti yfir önnina. Í fjarnámi tel ég skipta máli að nemendur spreyti sig og sýni hvað í þeim býr í lokaprófum.

Mikill metnaður og eljusemi einkennir kennara skólans sem búa yfir áratuga langri reynslu í að örva og leiða nemendur til náms. Einnig á sér stað þó nokkur endurnýjun starfskrafta, ungir kennarar hjá okkur fá einnig tækifæri til að kenna í fjarnámi og að mínu mati er það mikilvægt til að viðhalda faglegri þróun kennslunnar og stuðla að nýbreytni.

**Hildur Jóhannsdóttir
Fjarnámsstjóri
Fjölbrautaskólans við Ármúla.**



www.systrasamlagid.is

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Barnakór Seltjarnarneskirkju

býður öll börn í 1. til 6. bekk velkomin í kórinn.
Æfingar hefjast 30. ágúst.



Kórstjórar eru Þorsteinn Freyr Sigurðsson og María Konráðsdóttir, en þau leiða faglegt starf barnakórsins.

Í Barnakór Seltjarnarneskirkju læra börnin falleg og skemmtileg lög, þau hljóta söngkennslu, læra tónleikaframkomu ásamt því að efla sjálfstraust í gegnum tónlist, leik og söng.

Æfingar eru í Seltjarnarneskirkju á þriðjudögum.

1. - 3. bekkur kl. 14:30 til 15:15

4. - 6. bekkur kl. 15:15 til 16:00

Skráningar með nafni barns, fæðingardag og ár, ásamt símanúmeri foreldra, berist í tölvupósti á barnakor@seltjarnarneskirkja.is. Æfingar hefjast 30. ágúst.

Kórgjald er 12.000 kr. á önn, en öllum er velkomið að prófa án skuldbindingar.

Þorsteinn Freyr Sigurðsson lauk mastersprófi í óperusöng í Tónlistarháskólanum Hanns Eisler Berlín og starfaði um 3 ár við óperusöng í Þýskalandi áður en hann flutti heim, þar sem hann lærði kennslufræði tónlistar í Listaháskóla Íslands. Þorsteinn hefur stjórnað Barnakór Seltjarnarneskirkju í 3 ár og Drengjakór Reykjavíkur í 2 ár, ásamt því að kenna söng, þjálfá kóra og sungið á fjölmörgum tónleikum og óperusýningum á Íslandi.

María Konráðsdóttir lauk mastersprófi í klassískum söng frá Tónlistarháskólanum í Berlín árið 2018. Á árunum 2016-2019 starfaði hún sem raddþjálfari og aðstoðaði við kóræfingar hjá Drengjakór Dómkirkjunnar í Berlín og stúlknakór Söngakademíunnar í Berlín. Árið 2020 hóf hún að bjóða uppá tónlistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 3-7 ára þangað til hún flutti til Íslands í desember 2020.

“Byggja á merkustu fyrirbyggjandi heilsufræðum veraldarsögunnar”

- segir Guðrún í Systrasamlaginu

Systurnar Jóhanna og Guðrún Kristjánsdætur eigendur heilshofsins Systrasamlagsins við Óðinsgötu 1, hafa undanfarið ár staðið fyrir geysivinsælli svokallaðri 3ja daga endurræsingu sem byggir á því að borða svokallað Kitserí (kitchari) sem mun vera afar vinsæll indverskur réttur og af mörgum er talinn hin fullkomna næring. Bláðamanni lék forvitni á að vita meira um málið:

“Kitserí er frábær blanda kolvetna, próteina og fitu. Í indversku lífsvísindunum, Ayurveda, er kitserí í miklum metum og gjarnan borðað meðfram andlegri iðkun eða þegar fólk vill draga sig í hlé um stund og hvíla meltinguna,” upplýsir Guðrún sem skoðað hefur indversku lífsvísindin í mörg ár og telur þau ein merkustu fyrirbyggjandi heilsufræði veraldarsögunnar. Enda hafi þau svo margt gott fram að færa sem staðist hafi tímans tönn. “Að mínu viti vinna þau vel með þeim vestrænu. Þau byggja raunar á fjölmörgu sem vestrænu vísindin hafa verið að sanna á síðustu árum. Þar langar mig t.d. að nefna að það eru innan við 10 ár sem sú stóra uppgötvun var gerð meðal vestrænna vísindamanna að sogæðakerfið væri einnig að finna í höfðinu. Þessi vitneskja hefur verið



Guðrún Kristjánsdóttir.

innan indversku lífsvísindanna í þúsundir ára.”

En aftur að hreinsuninni. “Það er býsna algengt að fólk fari á 3ja daga svokallaðar kitcherí hreinsanir. Þessi ljúfa endurræsing er iðkuð víða um heim þar sem jóga- og ayurvedafræðin hafa náð vinsældum, sem er í flestum fjölmeningarsamfélögum. Margir fara 1 x í mánuði í slíka endurræsingu

yfir vetrartímamann en sundum fer fólk í lengri hreinsanir, sérstaklega á vorin og haustin, eða þegar árstíðaskipti eiga sér stað.”

Að sögn systranna er kitserí hin sanna töfræða, ekki síst yfir vetrartímamann enda bæði vermandi, þægileg, bragðgóð og auðmelt. “Mörgum þykir kitserí eiga betur við en kaldir safakúrar að hausti og vetri. Það frábæra við kitserí er að þetta er



einfaldur réttur en um leið grunnur sem hægt er að framreiða á fjölmarga vegu. Hafa sem heitan rétt eða þynnri, næstum eins og súpu. Svo má leika sér með allskyns krydd og lækningajurtir sem eru bragðgóðar og líka góðar fyrir meltinguna og við ýmsu öðru.” Guðrún segir góða 3ja daga kitserí hreinsun sem innihaldi lífræn gæðahræfni ekki bara bæta meltinguna heldur auki jafnan orku, skerpi á bragðlaukum, jafni blóðsykur og jafnvel bæti geð.

Þegar er hægt að velja um 3 x þriggja daga endurræsingar í september og 1x í október hjá systrunum í Systrasamlaginu.

Þið getið fylgst nánar með á www.systrasamlagid.is



Er bókin sem þú leitar að ekki til? Við sérpöntum hana fyrir þig!

bóksala stúdenta

Hjá okkur má finna fjölbreytt úrval bóka, ritfanga og gjafavöru. Þá má einnig gæða sér á hágæðakaffi á Bókakaffinu á meðan flett er í bókum og blöðum. Verið velkomin.



www.boksala.is

Opið mánudaga - föstudaga 9-18

Dansskóli Birnu Björns fagnar 25 ára starfsafmæli

Dansskóli Birnu Björns fagnar 25 ára starfsafmæli skólans um þessar mundir. Það er heldur betur búið að vera mikið að gera hjá þeim eftir covid. Haldin var loks hin árlega danskeppni og voru þau með stór glæsilegar nemendasýningar í Borgarleikhúsinu þar sem dansdeild og söngleikjadeild leiddu saman hesta sína og allir nemendur tóku þátt.

Nemendur og kennarar fóru til Spánar að keppa á Dance World Cup í sumar og náðum flottum árangri í öllum flokkum. Einnig fór nemendahópur í árlegu dansferð til London en þar sækja nemendur workshop og tíma hjá þekktum kennurum og danshöfundum og hópurinn kíkti á söngleiki og skemmti sér vel saman. Núna í haust bjóða þau upp á spennandi markvisst dansnám. Kenndir verða nokkrir dansstílar t.d. jazzballett, lyrical jazz, commercial, freestyle tækni, söngtíma, framkomutíma, spuna og leiklist. Kennt er frá þriggja ára aldri. Sýningar og keppnishópar verða á sínum stað og er margt spennandi framundan í vetur sem verður tilkynnt síðar.




f.á | | | FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

**Skráning hefst 19. ágúst
á slóðinni www.fa.is/fjarnam**

Kennsla hefst 8. september



Karen María Jónsdóttir skrifar:

Er betra að leggja menningarnefnd niður?

Nýtt skipurit Seltjarnarnessbæjar var samþykkt í bæjarstjórn í febrúar 2020 en með því var starfsemi bæjarins skipt niður á fjárhagsvið, þjónustu og samskiptasvið, skipulags- og umhverfissvið og fjölskyldusvið. Ákveðið var samhliða að halda nefndum óbreyttum, sérstaklega undir Fjölskyldusviði, Skipulags- og umhverfissviði, enda eru þar teknir fyrir þjónustupættir sem lítið breyttust frá fyrra skipulagi. Annað gildir um þá þjónustupætti sem falla undir Fjárhagssviðs, Þjónustu- og samskiptasvið sem og tengdar nefndir og ráð.

Fjárhagssvið

Fjárhagssvið hefur umsjón og eftirlit með fjármálastarfsemi Seltjarnarnessbæjar. Ábyrg fjármálastjórnun krefst gagnsæis og umræðu sem hefjast þarf tímanlega. Sú er ekki raunin í dag. Kallað hefur verið ítrekað eftir reglubundinni umræðu í bæjarráði sem og fagnefndum um ársfjórðungslegt rekstraruppgjör, frávikagreiningum og útkomuspám fyrir fjárhagsárið. Umræður og yfirlit yfir innkaup, útboð og greiðslur því tengdu væri líka þörf.

Þá er ekki er nóg að árleg umræða um fjárhagsáætlunargerðina fari einungis fram í bæjarráði og fyrst þegar áætlunin er lögð fram seinni part hausts. Umræðan þarf að hefjast að vori og í þeim fagnefndum sem bera ábyrgð á viðkomandi þjónustu. Hún þarf að snúast um fjárhagslegar skuldbindingar vegna lögbundinnar þjónustu og aukna þjónustupörf sem myndast hefur vegna breytinga í þjóðfélaginu. Um hvernig við ætlum að fjármagna eða mæta vísitöluhækkun á gildandi þjónustusamningum, fyrirliggjandi lífeyrisskuldbindingum og kjarasamningsbundnum hækkunum. Hún þarf að snúast um hvernig fjármagninu verður forgangsraðað svo markmiðum gildandi stefnumörkunar verði náð.

Í bæjarráði þarf í því samhengi einnig að fara fram tímanleg umræða um forgangsröðun verkefna á fjárfestingaráætlun og virðisaukann sem fjárfestingin á að skila bæjarfélaginu, hvort sem hann er fjárhagslegur, umhverfislegur eða félagslegur. Þá þarf að tryggja ráðinu upplýsingar um framgang fjárfestingaverkefna sem það hefur veitt heimild til að hefja og hvort þau séu að standast áætlun.

Þjónustu- og samskiptasvið

Menningarmál

Þjónustu- og samskiptasvið fer með menningarstarf bæjarins. Menningarnefnd fundaði aðeins 12 sinnum á síðasta kjörtímabili, eða 3 sinnum á ári að meðaltali. Ekki var tilefni til annars. Engar tillögur fengu hljómgrunn, ekki þær sem miðuðu að því að styrja starfsemi menningarstofnanna, er vörðuðu félagsheimilið eða styrkingu lista- og menningarstarfsemi almennt. Ekkert rými var í samþykkttri fjárhagsáætlun til að sinna málaflöknum, engin umræða um fjárhagsáætlunargerðina fór fram í nefndinni.

Ferðamál

Þá fer sviðið með ferðamál-, kynningar- og markaðsmál en slík þjónusta ætti

að markast af stefnu bæjarins í málaflöknum. Stýring málaflöksins krefst samræmingar þvert yfir önnur svið svo sem Umhverfissvið vegna Vestursvæðanna og náttúruverndar og Skipulagssvið vegna gististarfsemi og samgangna. Snertingin er einnig við menningarmálin m.a. með tilkomu Náttúruinjasafns Íslands sem senn mun hefja starfsemi í Lækningaminjasafninu.



Karen María Jónsdóttir.

Þá hefur verkefnastjóri verið skipaður hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um stofnun áfangastofu höfuðborgarsvæðisins með aðkomu Seltjarnarnessbæjar. Eins og ferðamálastefna er áfangastaðaáætlun stefnumótandi og krefst því pólitískrar umræðu. Enginn skilgreindur vettvangur er til að taka heildstæða umræðu og samþykkja aðgerðir til stýringar. Þar af leiðandi er heldur engin umræða tekin um fjármögnun til málaflöksins.

Stafræn þjónustuveiting

Stafræn vegferð fellur einnig undir nýtt svið og hefur sveitarfélagið samþykkt að taka þátt í samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga um þau mál. Vegferðin snýst um uppfærslu innviða í upplýsingatækni og öryggi þeirra, samþættingu upplýsinga í kerfum og þjónustuumbreytingu sem felur í sér nýja ferla og breytt verklag. Sá þáttur er flóknastur en skilar jafnframt mestu hagræði til sveitarfélagsins þar sem hann minnkar handavinnu og eykur tíma starfsfólks til persónulegrar þjónustu við íbúa. Um ræðir innviðabreytingu sem krefst markvissrar fjárfestingar og í kjölfarið fjárhagslegs rýmis til reksturs.

Ofangreind þjónustuumbreyting er pólitísk ákvörðun og hana þarf að taka á vettvangi nefndar sem ekki er til staðar. Hún varðar ekki aðeins samþættingar á starfsemi þjónustuværs og vefsíðu bæjarins sem oftast er fyrsta snering við íbúann, heldur alla framlínuþjónustu. Hún varðar notendamiðaða nálgun þjónustu, á einum stafrænum viðkomustað sem fyrsta val eða „one stop shop“ þar sem íbúar og fyrirtæki getað sótt um byggingarleyfi, styrki til menningarstarfsemi, fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, leikskóla, skólaþjónustu, tómsundastyrki, matarþjónustu eða tónlistarskóla. Svo fátt eitt sé nefnt.

Stafræn persónuvernd

Perónuvernd snýst að miklu leyti um stafræna persónuvernd innan hins opinbera. Hún snýst um hvernig sveitarfélagið hagnýtir upplýsingar þ.e. safnar skjölum og gögnum og nýtir til úrbóta í þjónustuveitingu og til að stýra fjármunum með skilvirkari hætti. Á sama tíma snýr hún að réttindum íbúa til að nálgast upplýsingar sem sveitarfélagið safnar um þá. Þá einnig skyldu sveitarfélagsins til að tryggja að þær sömu upplýsingar séu varðar. Slíkt hefur að gera með þróun skjalavörslu yfir í virka skjalastýringu en einnig með það að skýra ábyrgð og heimild tæknifyrirtækja til vinnslu persónuupplýsinga sveitarfélagsins sem og skýrt eignarhald að þeim gögnum sem geymd eru í kerfum í þjónustu sömu fyrirtækja.

Já, ætli það sé ekki bara betra!

Fram hefur komið að menningarnefnd fundaði aðeins 12 sinnum á síðasta kjörtímabili. Yfir sama tímabil fundaði Skipulags- og umferðanefnd 49 sinnum, Skólanefnd 27 sinnum, Umhverfisnefnd 27 sinnum, Fjölskyldunefnd 24 sinnum og Íþrótt- og tómsundanefnd 24 sinnum. Rými er því til þess að útvíkka erindisbréf menningarnefndar svo hún geti fjallað um þau stóru verkefni sem undir nýtt svið þjónustu og samskipta heyra, og tekið afstöðu til framkvæmdar þeirra og fjármögnunar. Ekki er þörf á nýrri nefnd fyrir fjárhagssvið heldur þarf að tryggja virka upplýsingagjöf og umræðu í fagnefndum til viðbótar við bæjarráð.

Hafa ber í huga að eftirlitsskylda kjörinna fulltrúa er lögbundin en henni er aðeins hægt að sinna sé skapaður vettvangur fyrir hana og er það gert með upplýsingagjöf og umræðu í nefndum og ráðum. Miðað við hversu gríðarlega umfangsmiklir og mikilvægir málaflökkar þjónustu- og samskiptasviðs eru og hversu bein áhrif þeir hafa á lífsgæði og þjónustu við íbúa, þá er í raun ekki forsvaranlegt að aðeins skuli vera fjallað um lítinn hluta þeirra á vettvangi kjörinna fulltrúa í menningarnefnd, og það aðeins örfáum sinnum á ári.

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT


Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði
Opið 11-16
alla virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Nesstofa við Seltjörn

- glæsilegt verk Þorsteins Gunnarssonar komið út



Glæsilegt og vandað ritverk.

Glæsilegt og vandað ritverk sem telur á fjórða hundrað síður Nesstofa við Seltjörn eftir Þorstein Gunnarsson arkitekt er komið út í útgáfu Þjóðminjasafns Íslands. Í frétt frá útgáfunni segir að Bókin er mikilvægt innlegg í rannsóknir á dansk - íslenskrri byggingarlistasögu og veitir um leið innsýn í aðferðir við endurgerð gamalla húsa. Í bókinni greinir Þorsteinn frá sögu hússins sem var reist á árunum 1760 til 1767 í samstarfi Dana og Íslendinga og endurgerð þess.

Bygging hússins var liður í því að efla íslenskt samfélag með bættri stjórn-sýslu og innviðum, en bústaður fyrsta landlæknis Íslands, Bjarna Pálssonar ásamt vísi að læknaskóla og ljósmæðranámi var í húsinu. Í Nesstofu hófst opinber lyfsala árið 1772. Nesstofa er teiknuð af Jacobi Fortling hiruarkitekt og er hún hlaðin úr tilhöggnu grjóti. Ríkissjóður keypti Nesstofu í tveimur áföngum á áttunda áratug síðustu aldar en þá hafði húsið verið einkaheimili allt frá árinu 1834 þegar embætti landlæknis og lyfsala fluttust til Reykjavíkur. Nesstofa var öll falin Þjóðminjasafni Íslands 1979 til umsjónar og vinna við endurreisn hússins hófst. Unnið var í tveimur áföngum undir stjórn Þorsteins Gunnarssonar arkitekts sem nú hefur tekið saman rit þetta um sögu hússins og endurbyggingu þess. Við framkvæmdir var leitað til sérfræðinga hér á landi og í Danmörku og lögð rík áhersla á þátt forvörslu og miðlunar byggingarsögunnar í uppbyggingar vinnunni. Dansk Augustinussjóðurinn, sem naut ráðgjafar Povls Riis prófessors í læknávisindum, styrkti af rausn framkvæmdir við seinni áfangann en Seltjarnarnesbær kostaði vinnu við frágang á lóð og umhverfisbætur. Endurreisn Nesstofu lauk árið 2008 og nú kemur saga þessa merka húss út á bók. Glæsilegu og vönduðu ritverki sem telur á fjórða hundrað síður og prýtt er fjölda uppdráttu og ljósmynda. Þorsteinn Gunnarsson lýsir af mikilli nákvæmni vinnu við endurreisn hússins, rannsóknnum, hönnun og smíði, og kryfur til mergjar mörg atriði sem ekki lágu ljós fyrir. Að ritverki þessu er mikill fengur, fyrir þá sem láta sig varða menningarsögu, íslenska byggingararfleifið og húsagerðarlist og fræðast vilja um vinnubrögð við varðveislu, viðhald og endurreisn bygginga sem hafa listrænt og sögulegt gildi. Bókin fæst í Safnbúð Þjóðminjasafns Íslands og vefverslun.

Sunnudagaskólinn og starf fyrir 6-9 ára börn að hefjast



Fyrsti sunnudagaskólinn verður sunnudaginn 4. september kl. 11 í Seltjarnarneskirkju og síðan alla sunnudaga í vetur. Starf fyrir börn á aldrinum 6-9 ára hefst mánudaginn 29. ágúst frá kl. 16-17 á neðri hæð Seltjarnarneskirkju og verður alla mánudaga í vetur.

DBB
DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

DANS
DEILD

SKRÁNING HAFIN
DANSSKOLIBB.IS
BIRNA@DANSSKOLIBB.IS

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

**VÖFFLUKAFFI / OPIÐ HÚS Í SALNUM Á SKÓLABRAUT
MIÐVIKUDAGINN 31. ÁGÚST KL. 14.00 – 16.00. KYNNING Á
VETRARDAGSKRÁNNI. LEIÐBEINENDUR VERÐA Á STAÐNUM
OG SKRÁ Á NÁMSKEIÐIN. ALLIR VELKOMNIR.**

Félags og tómstundastarf eldri bæjarbúa er að sigla inn í vetrardagskrána eftir annars ágætlega viðburðaríkt sumar. Sumarstarfsfólkið okkar þ.e. Alexandra Dóra og hjálparhellurnar hennar héldu uppi dagskránni með mikilli þrýði þrátt fyrir leiðindaveður oft á tíðum. Mikið var um spil og leiki, góða hreyfingu og ferðalög. Sendum okkar bestu þakkir til þeirra fyrir samstarfið.

Nú ættu allir 67 ára og eldri að vera að fá vetrardagskrána fyrir tímabilið september – desember 2022 inn um lúguna. Fjölbreytt námskeið eru í boði bæði styttri námskeið og lengri. Nánast allir föstu liðirnir verða áfram, en sumir með einhverjum breytingum á tíma. Stærstur hluti félagsstarfsins fer fram í aðstöðu félagsstarfsins á jarðhæð Skólabrautar 3-5 og þangað eru allir velkomnir óháð búsetu.

Kaffíkrókur alla virka daga frá kl. 9.00. Handavinna alla mánudaga og miðvikudaga milli kl. 13.00 og 16.00. Þar leggjum við áherslu á samstarf og samveru. Miðdagskaffi í boði. Leiðbeinandi á staðnum. Jóga/leikfimi alla mánudaga og fimmtudaga í salnum á Skólabraut kl. 11.00. Vatnsleikfimi er í boði 4x í viku í sundlaug Seltjarnarnes. Söngstundin okkar góða, félagsvist og bingó verða áfram í salnum á Skólabrautinni og þúttáð verður á Nesvöllum. Mikið og gott samstarf er með félagsstarfinu og Seltjarnarneskirkju og því góða starfi sem þar fer fram. En þar er boðið upp á ýmskonar samverustundir. Við tökum einnig þátt með grunnskólanum, bókasafninu og tónlistarskólanum þegar það er í boði og auglýsum það sérstaklega.

Allt okkar starf miðar að almennri heilsuefningu eldri fólks allt eftir getu, ásamt því að koma í veg fyrir félagslega einangrun. Aðrir viðburðir: Haustfagnaður/grillvagninn 13. september í salnum á Skólabraut kl. 18.00. Skráning. Sameiginleg ferð kirkjunnar og félagsstarfsins í Skagafjörð 20.-21. September. Skráning. Leikhúsférf. Þjóðleikhúsið á sýninguna: Sem á himni 30. september. Skráning fyrir 1. sept. Salurinn Kópavogi. Fallegu lögin hennar Helenu Eyjólfsdóttur. Laugardaginn 29. október. Skráning. Gamlar ljósmyndir. Saga 6. áratugarins. Umhverfi æskunnar. Staður og dagsetning auglýst fljótlega. Ýmislegt fleira er í burðarliðnum eins og bæjar og kaffihúsaferð, fræðsla og samverustundir sem verið að finna dagsetningar og tíma fyrir og hvetjum því fólk til að fylgjast með, með því að kíkja við á Skólabrautinni, dagskráin er alltaf auglýst í morgunblaðinu alla virka daga og einnig á fb. síðunni eldri borgarar Seltjarnarnesi. Einnig birtum við það helsta úr dagskránni í Nesfréttum sem koma út einu sinni í mánuði. Vonumst eftir að sjá sem flesta með í starfinu í vetur.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

BÓKAÐ MÁL



Gos

Ég stend við tölvuskjáinn og horfi eins og dáleiddur á hraunið sem rennur áfram eins og glóandi sýróp. *Eruði ekki búin að fara?* segir einhver. *Eruði ekki búin að sjá gosið? Þið verðið að sjá gosið!* Ég hef upplifað þetta samtal áður. Á skjánum sé ég agnarlitlar mannverur í skærletum úlpum standa frammi fyrir ógnarkrafti náttúrunnar með snjallsímana á lofti. Ég hef séð þetta áður.

Eldgos og glóandi hraun eru tilkomumikil fyrirbæri og eiga sinn sess í íslenski þjóðarvitund. Í bók sinni *Á Gnitaheiði* frá 1952 orti Snorri Hjartarson um *landið fagra sem loganna brim gróf:*

Rauðir gíggar og grár sandur.

...

*svíplegir drangar teygja harðsnúnar hendur
í heitri storknaðri grimmd yfir fellða bráð.*

Áhuginn á eldgosum virðist líka ekkert minnka enda er um óviðjafnanlegt sjónarspil að ræða. Nú er stöðug örtröð við gosstöðvarnar og vesalings björgunarsveitirnar hafa ekki undan að bjarga þeim sem fara fram úr sér í æsingnum. En hvað veldur? Hvað fær fólk til að fleygja öllu frá sér og rjúka út í hraun?

Auðvitað er það ekki á hverjum degi sem hægt er að sjá eldgos í návígi en er það eina ástæðan? Kannski viljum við bara hlýja okkur við eldana eftir næstkaldasta sumar aldarinnar. Á meðan við fylgjumst með ofsahita og þurrkum í Evrópu er varla neitt sumar hér. Hraunflæðið er þá okkar hitabylgja, ennþá heitari og hættulegri en sú evrópska. Kannski upplifum við gosið sem tækifæri til að komast í betra samband við landið og náttúruna. Eitthvað sem setur okkur í samhengi.

Flestir vilja þó líklega bara vera með í partyinu og taka sem besta mynd fyrir samfélagsmiðlana. Og þrátt fyrir allar viðvaranir og tilmæli virðast margir ennþá aðhyllast viðhorfið sem Tómas Guðmundsson lýsti í Fjallgöngu árið 1933:

*... Leiðin er að vísu varla
vogandi nema hraustum taugum,
en mér finnst bara
best að fara
beint af augum.*

Fátt er nýtt undir sólinni. Við höfum séð þetta allt áður.

TRYGGVI STEINN STURLUSON

Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarnes



www.systrasamlagid.is

Sýnum aðgát í umferðinni - skólarnir byrja!



nettó

ERHALDING
BJÖRG
MJÖDD



A4+

DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín

VÍS

ORKAN

GARÐHEIMAR



Skráning í mataráskrift er hafin!

Skráning fer fram á www.skolamatur.is

Netfang: skolamatur@skolamatur.is | Sími 420-2500

 @skolamatur

 @skolamatur_ehf





Þriðji flokkur í 8-liða úrslit á Gothia Cup

Þriðji flokkur kvenna fór í júlí til Svíþjóðar þar sem Gothia Cup, eitt stærsta fótboldamót heims fer fram. Stelpurnar unnu fyrstu þrjá leikina sína, 1-0 gegn sænsku liði, 3-0 gegn þýsku liði og síðan 4-0 gegn sænsku liði og komust upp úr riðlinum sínum og í 16-liða úrslit.

Í 16-liða úrslitum mættu þær sænska liðinu Mjölby AI/FF og var staðan 0-0 eftir venjulegan leiktíma. Þá var farið í vítaspyrnukeppni þar sem Gróttu/KR bar sigur úr býtum, en mörk Gróttu/KR skoruðu Katla, Íris, Rakel og Jóhanna. Gaman er að segja frá því að fram að vítaspyrnukeppninni höfðu markmennirnir okkar, Helena og Júlíana, ekki fengið á sig mark í fyrstu fjórum leikjunum. Síðar sama dag var strax komið að 8-liða úrslitunum og mættu stelpurnar þar gríðarlega sterku liði frá Noregi, Arna-Björnar, þar sem Gróttu/KR beið lægri hlut. Arna-Björnar stóðu síðan upp sem sigurvegarar á mótinu í 3. flokki kvenna. Stelpurnar stóðu sig ótrúlega vel í miklum hita og spiluðu vel saman. Þær nýttu frítímamann einnig vel, kíktu á ströndina, fóru í



Þriðji flokkur kvenna.

Liseberg, versluðu og nutu samverunnar. Þær mega vera stoltar af sinni frammistöðu og þeim

árangri sem þær náðu á mótinu og óskum við þeim til hamingju með hann.

Tómas Johannessen valinn í hóp U17 fyrir alþjóðlegt mót

Tómas Johannessen var valinn í hóp U17 karla fyrir alþjóðlegt mót í Ungverjalandi í ágúst.

Jörundur Áki Sveinsson, landsliðsþjálfari U17 karla, valdi leikmannahóp til þátttöku í alþjóðlegu móti í Telki í Ungverjalandi dagana 14.-21. ágúst sl.

Alls voru 20 leikmenn valdir í hópinn og koma þeir frá 15 félögum. Einn þeirra var Gróttu-maðurinn Tómas Johannessen sem er einungis 15 ára.



Tómas Johannessen á fullu á með boltann.



Gróttustrákar á Króknum

Gróttustrákarnir spiluðu geggjadan fótbolda á Króknum.

Tæplega þrjátíu Gróttustrákar úr 6. flokki karla skelltu sér á Sauðárkrók helgina 5.-7. ágúst og léku á Króksmóti Tindastóls. Gróttu fór með fimm lið á mótið og stóðu drengirnir sig mjög vel og uppskáru eftir því.

Að sögn þjálfaranna spiluðu strákarinn geggjadan fótbolda á Sauðárkróki! Lið Gróttu hétu eftir meistaraflokks leikmönnum til að vekja athygli drengjanna á þeim fyrirmyndum sem þeir hafa innan félagsins. Liðin hétu Addi Bomba, Kristófer Orri, Arnþór Páll, Kjartan Kári og Júlí Karls.

VERBÚÐARBALL

10. september

Gróttta heldur alvöru sveitaball sem nefnist VERBÚÐARBALL 10. september í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi.

Vignir Snær úr Írafár stjórnar Verbúðarbandinu sem er sérstaklega sett saman fyrir þennan viðburð og söngvarar verða þau Selma Björnsdóttir og Stefán Hilmarsson. Nú er orðið staðfest að Herbert Guðmundsson muni opna kvöldið þegar hann stígur á stökk kl. 22:00 um kvöldið en ballið hefst kl. 23:00. Gunnlaugur Jónsson íþróttastjóri Grótttu sagði við Nesfréttir að undirbúningur fyrir ballið gengi vel, þetta er stór framkvæmd og reiðum okkur á marga sjálfboðaliða frá okkar deildum en jafnframt stefnir í að þetta verði okkur góð tekjulind. Það hefur myndast gríðarleg stemning fyrir ballinu og nú (18 ágúst) búið að selja yfir 600 miða sem er frábært þegar 3 vikur er í viðburðinn. Ég vil benda fólki á að tryggja sér miða sem allra – það stefnir að það verði uppselt en miðasala fer fram á tix.is



Herbert Guðmundsson í sínu nátturulega umhverfi

www.grotta.is

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook



www.systrasamlagid.is

FALLEGT HAUST framundan



Hreiðraðu um þig í hugleiðslu

Hafðu hugleiðslu- og jógaáætlun sem fegra heimilið.


Allskonar púðar og sessur sem eru listilega handprentaðar.



Himneskur haust hafragrautur

Töfrandi, lífrænn og bragðgóður.

Fullkomin fyrir blóðsykurjafnvægið.
Fáðu með fritt engiferskot milli 10-11 í september.



Dekraðu við þig

Fallegt úrval af gæða burstum, olíum, sápum og öðru dekri.



3ja daga endurræsing

Kynntu þér hina vinsælu og ljúfu 3ja daga endurræingu sem fram fer í september og október. Sala á plássum hafin.



Afgreiðslutími:

Mán: 10-16

Þri-fös: 10-17

Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK

systrasamlagid.is

@systrasamlagid

Sími: 511 6367

KRÓNAN



Hæ Seltjarnarnes!

Ert þú með hugmynd?

Krónan á Granda auglýsir eftir styrktarumsóknum

Við höfum áhuga á að taka þátt í uppbyggingu í samfélaginu og auglýsum eftir styrktarumsóknum.

Hvað getum við gert saman?

Árlega veitir Krónan styrki til verkefna í nærumhverfi verslanna Krónunnar. Stefna Krónunnar er að styrkja verkefni sem hvetja til hreyfingu og hollustu barna og/eða uppbyggingu í samfélaginu t.d. á sviði menningar og lista eða menntunar.

Til að sækja um
þarf að fara inn á:
[kronan.is/styrkir](https://www.kronan.is/styrkir)
Umsóknarfrestur er til
31. ágúst 2022



Afgreiðslutímar á www.kronan.is